

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Afls starfsgreinafélags**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Afls starfsgreinafélags í húsnaði ríkssáttasemjara þann 26. september 2024.

F.h. Afls starfsgreinafélags: Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga: Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samhliða undirritun kjarasamnings aðila:

1. Uppsögn á sérákvæðum Afls hjá sveitarfélaginu Hornafirði

Þann 20. desember 2022 sagði Samband íslenskra sveitarfélaga upp öllum gildandi sérákvæðum Afls starfsgreinafélags, fyrir hönd sveitarfélagsins Hornafjarðar. Uppsögnin tók gildi frá og með 1. október 2023.

Sátt náðist milli aðila um að lengja uppsagnarfrest þriggja sérákvæða aðila til 31. mars 2024.

Niðurstaða:

Til að greiða fyrir gerð kjarasamnings milli aðila á árinu 2024 er samstarfsnefndin sammála um að þeir félagsmenn Afls sem voru í starfi hjá sveitarfélaginu Hornafirði þann 1. september 2024 njóti áfram þeirra sérkjara sem áðurgildandi sérákvæði tryggðu þeim, meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sveitarfélaginu Hornafirði:

Fatapeningar

Greiða skal eina greiðslu fatapeninga 20% af launaflokki 115. þann 1. september ár hvert til fastráðins starfsfólks á leikskóla. Greiðslan kemur í stað þess að starfsmanni séu lagðir til kuldagalli og regngalli sbr. g-lið greinar 8.2.5.

Veikindi barna undir 13 ára

Auk ákvæðis 12.8.1 er starfsmanni heimilt að ráðstafa allt að 7 dögum af áunnum veikindarétti sínum til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri. Um réttindi og skyldu vegna slíkrar fjarveru gildir ákvæði greinar 12.1.1.

Íþróttahús

Þrif eftir sérstakar samkomur

Vegna óreglulegs vinnutíma við þrif eftir þorablót Hornfirðinga, Humarhátíð og Sjómannadagshátíðahöld skal greiða 4 klst. í yfirvinnu til viðbótar unnum tíma. Í öðrum tilvikum þar sem um óeðlilegt álag skapast vegna þrifa á íþróttahúsi skal um greiðslu samið fyrirfram við yfirmann.

2. Vegna framkvæmdar sérákvæða á sólarlagi

a. Fatapeningar

Sveitarfélagið mun leiðrétta greiðslu fatapeninga til starfsfólks leikskóla frá 1. janúar 2020 og miða þær greiðslurnar við grunnlaunaflokk lfl. 117 í stað grunnlaunaflokks 115, sem miðað var við í sérákvæðinu.

b. Íþróttahús

Sveitarfélagið mun skoða yfirvinnugreiðslur fyrir þríf eftir hátíðir síðustu fjögur árin sem samkvæmt sérákvæðinu hefðu átt að tryggja starfsfólki 4 klst. í yfirvinnu til viðbótar unnum tíma. Komi í ljós að sérákvæðinu hafi ekki verið framfylgt sem skyldi verða yfirvinnugreiðslur leiðréttar.

Fleira ekki gert.

IRÓ